

AUGLÝSING

57

20. marz

um lækkuu aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 18. marz 1943 um breytingu á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. jan. þ. á. að telja til ársloka 1943 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís, og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming um sama tíma aðflutningsgjöld af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri um sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

58

19. apríl

um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði:

Málefni þau, er með ríkisstjóraúrskurði, útgefnum 22. des. 1942, um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., voru falin félagsmálaráðherra Jóhanni Sæmundssyni, þ. e. alþýðutryggingamál, húsnæðismál og bygginga-félög, sveitarstjórnarmál — þar undir fátækramál og atvinnubótafé — og önnur félagsmál, — eru hér með falin forsætisráðherra dr. juris Birni Þórðarsyni.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.